

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Félagsráðsfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, þriðjudaginn 8.12.2020, kl. 17:15

Mætt úr aðalstjórn: Brynja Baldursdóttir (BB), Erling Ásgeirsson (EÁ), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG).

Mætt úr deildum, Sæmundur Friðjónsson (SF) f.h. knattspyrnudeildar, Hilmar Júlíusson (HJ) f.h. körfuknattleiksdeildar, Lárus G. Halldórsson (LGH) f.h. handknattleiksdeildar, Ingibjörg Vilhjálmsdóttir (IV) f.h. fimleikadeildar, Sigrún Þorsteinsdóttir (SP) f.h. sunddeildar, Ólafur R. Gunnarsson (ÓRG) f.h. almenningsíþróttadeildar.

Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁIP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS).

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Kynning á stefnumótun árið 2021 – stjórnir deilda

ÁIP fór yfir forsögu þess að árið 2018 fór félagið í góða vinnu varðandi framtíðarsýn félagsins í ört stækkandi bæjarfélagi. Út frá þeirri stefnumótun var ný handbók félagsins unnin og kynnt fyrir formönnum deilda til samþykktar. Ávallt lá fyrir að halda áfram með þessa vinnu niður í deildir félagsins.

SG fór yfir þær hugmyndir sem ræddar hafa verið í aðalstjórn og við ÁIP sem fela í sér að hver og ein deild myndi vinna 5 ára “roadmap” sem endurspeglar gildi og framtíðarsýn félagsins og jafnframt fara í dýpri markmiðasetningu sem endurspeglar meðal annars:

1. Uppeldisstefnu leikmanna
2. Fjármál deildarinnar
3. Skil við eldri uppalda leikmenn

Niðurstaða: Almennt var tekið vel í hugmyndina af formönnum deildanna og enginn setti sig upp á móti því að fara í þessa vinnu.

2. Kynning á væntanlegum aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar fyrir íþróttafélögin

ÁIP fór yfir nýtt frumvarp ráðherra varðandi björgunarpakka til íþróttafélaga en um er að ræða aðgerðir vegna lokanna á starfsemi íþróttafélaganna í tengslum við hina svokölluðu þriðju bylgju Covid-19 faraldursins. Um er að ræða Stjórnarfrumvarp 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 454 — 362. mál. Íþróttafélögin eiga eftir að fá nánari kynningu á frumvarpinu en farið var yfir helstu atriði sem borið hafa á góma:

1. Greiðslur til íþróttafélaga v/ launakostnaðar á tímum Covid-19.
2. Fullar bætur fyrir einstakling eru 500.000 kr. að hámarki á hvern launþega á mánuði.

3. Einnig er hægt að sækja um bætur fyrir hlutastarf en þá reiknast upphæðin út frá starfshlutfalli og hversu lengi viðkomandi starfsmaður hefur verið í starfi.
4. Hámarksgreiðsla til útgreiðslu frá ríkissjóði í aðgerðapakkan nemi um 500 milljónum.

Vert er að taka fram að frumvarpið hefur ekki verið samþykkt og getur því tekið breytingum í vinnslu í þinginu, hér er því hvorki um staðfest gögn né tölur að ræða.

Eins er umræða um svipaðar aðgerðir í gegnum ÍSÍ vegna tekjutaps fyrir sérsamböndin og íþróttafélög landsins vegna lokanna á seinni hluta árs og jafnvel vormánuðum 2021. En minni vitneskja er um þann aðgerðapakka eins og er hjá félögunum og verða formenn deilda upplýstir um þær aðgerðir um leið og nánari upplýsingar berast félaginu.

Niðurstaða: Til upplýsinga.

3. Afrekssjóður

IHR fór yfir hvernig fjárhagsráð aðalstjórnar hefur hugsað sér að vinna að útdeilingu Afrekssjóðs fyrir komandi ár 2021 en vinnureglan hefur verið að aðalstjórn skili af sér niðurstöðum fyrir miðjan febrúar þess árs. Horft verður til þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin mun kynna á næstu vikum samhliða úthlutun sjóðsins.

Niðurstaða: Til upplýsinga.

4. Staða æfingagjalda og áhrif á lausafjárstöðu

ÁÍP og BS fóru yfir stöðuna á greiðslu æfingagjalda hjá deildum félagsins, horft var til punktstöðu 27. nóv. 2020 og hún borin saman við punktstöðu 7. des. 2020. Í fyrri punktstöðu var starfsemi félagsins ennþá lokuð en í þeirri seinni var barna- og unglíngastarf upp að 16 ára aldri orðið heimilt. Ljóst er að ennþá eru töluvert af æfingagjöldum ófrágengin sem er áhyggjuefni.

- Þann 27. nóv. 2020: 1579 iðkendur búnir að ganga frá greiðslum;
- 775 iðkendur áttu eftir að ganga frá æfingagjöldum.

Þann 7.12.2020:

- 1591 iðkandi búinn að ganga frá greiðslum;
- 742 iðkendur áttu eftir að ganga frá æfingagjöldum.

Farið var yfir þær innheimtuaðgerðir sem félagið er að vinna í ásamt þeirri vinnu að gæta þess að missa ekki iðkendur úr starfinu vegna fjárhagsvanda eða vegna annarra fylgifyska af Covid-19. Forsvarsmenn félagsins hafa verið ekki síður áhyggjufullir yfir andlegum og félagslegum áhrifum á iðkendur og mögulegs brottfalls þeirra úr starfi en fjárhagslegum áhrifum. Einhugur var meðal formanna um mikilvægi þess að fylgst væri vel með mætingu iðkenda aftur í starfið eftir lokun.

Niðurstaða: Til upplýsinga.

5. Ný heimasíða

ÁIP kynnti nýja heimasíðu félagsins sem komin er í loftið. Formenn deilda voru hvattir til að koma með ábendingar eða óskir til ÁIP ef einhverjar eru. Eins verður settur upp rýnihópur sem mun koma með ábendingar um betrubætur svo síðan verði sem allra best fyrir félagsmenn Stjörnunnar.

Niðurstaða: Til upplýsinga.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18.15, ÁIP